



## Útbreiðslunefnd 2013 – 2014

### Skýrsla til umdæmisþings 2014

#### Eftirfarandi áttu sæti í nefndinni:

Eiríkur Hans Sigurðsson, Rkl. Mosfellssveitar, formaður, Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, Rkl. Görðum og Steinar Friðgeirsson, Rkl. Reykjavík Árbær.

Útbreiðslumálin hafa ætíð verið meðal forgangsatriða Rótarýhreyfingarinnar, bæði á Íslandi og erlendis, enda nauðsynlegt að stuðla að stöðugum vexti og endurnýjun innan hreyfingarinnar svo hún geti sinnt mikilvægum verkefnum sínum með sóma.

Íslenska umdæmið hefur haft hátt vægi þegar talað er um fjölda klúbba miðað við fólksfjölda, en þrátt fyrir það hafa alþjóðasamtök Rótarýs stöðugt verið að hækka lágmarks fjölda klúbba í hverju umdæmi ásamt lágmarksfjölda félaga. Því hefur Íslenska umdæminu verið uppálagt að fjölga klúbbum og félögum svo ákveðnu lágmarki sé náð.

Ýmsar aðstæður hafa því miður gert það að verkum að erfitt hefur reynst að fjölga klúbbum á undanförunum misserum. Útbreiðslunefndin er þó að skoða ýmsa kosti á höfuðborgarsvæðinu, sem hugsanlega geta orðið raunhæfir. Nefndin hefur á undangengnum árum gert heiðarlegar tilraunir til að stofna nýja rótarýklúbba m.a. á Reyðarfirði og á Höfn í Hornafirði. Ekki bar það tilskilinn árangur og nefndarmenn eru á þeirri skoðun að mikilvægast sé að halda lífi í þeim klúbbum sem eru þegar starfandi í minni bæjarfélögum og eiga í vök að verjast. Af þessu tilefni var rætt um það á hvern hátt unnt sé að styðja við bakið á starfandi klúbbum úti á landsbyggðinni. Bent var á að nýta beri veftækni betur til að gera flóru fyrirlestra fjölskrúðugari.

Útbreiðslunefnd fundaði ekki á starfsárinu.

F.h. Útbreiðslunefndar

Eiríkur Hans Sigurðsson, formaður